



Umboðsmaður barna
Margrét María Sigurðardóttir
Laugavegi 13, 2. hæð
101 REYKJAVÍK

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 19. desember 2011
Tilv.: MMR11110178/14.20.0-

Efni: Málefni barna sem hafa skertan málþroska vegna heyrnarleysis eða heyrnarskerðingar


Vísað er í bréf frá umboðsmanni barna dags. 1. nóvember 2011 þess efnis að ábendingar hafi borist um mismunandi ráðgjöf og þjónustu við heyrnarlaus og heyrnarskert börn eftir sveitarfélögum.


Frá upphafi ársins 2010 hefur verið starfandi framkvæmdanefnd í málefnum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra einstaklinga og hefur verkefni hennar m.a. verið að kortleggja stöðu einstaklinga í þessum markhópum. Í vinnu nefndarinnar hefur verið varpað ljósi á ýmsa hnökra í þjónustu við börn í hópunum, einkum vegna skorts á samhæfingu milli þjónustuveitenda og möguleikum sveitarfélaga til að veita lögbundna þjónustu.

Framkvæmdanefndin hefur nú lokið störfum og mun kynna niðurstöður í skýrslu til ráðherra mennta- og velferðarmála þann 15. desember nk. Í skýrslunni eru ítarlegar ábendingar um nauðsyn fyrir samhæfða þjónustu og snemmtækt inngríp í málefnum ofangreindra barna og fjölskyldna þeirra.

Í framkvæmdanefndinni áttu sæti fulltrúar frá ráðuneytum mennta- og velferðarmála, sveitarfélögum og hagsmunafélögum. Þannig var reynt að tryggja að yfirsýn fengist á málefni markhópanna og voru gerðar tillögur um nauðsynlegar breytingar og viðbætur í þjónustu við þá.

Það er von ráðuneytisins að með tillögum framkvæmdanefndarinnar verði málefni barna sem vísað er til í bréfi umboðsmanns, gerð að forgangsmáli og að vænta megi bættrar þjónustu þeim til handa.


Fyrir hönd ráðherra
Arnór Guðmundsson


Ragnheiður Bóasdóttir